



KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

stofnað 27. janúar 1907.
Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík
Sími 551 8156 • Bréfsími 562 5150
Netfang: krfi@krfi.is • Vefslóð: www.krfi.is

Alþingi
Erindi nr. P 139/958
komudagur 14.12.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. desember 2010.

Umsögn KRFÍ um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 139/2001, nr. 42/1983, nr. 22/1991 og nr. 50/2007

Kvenréttindafélagi Íslands (KRFÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp, þingskjal 92 - 87. mál. KRFÍ tekur aðeins afstöðu til þeirra breytinga er varða kynjahlutföll í stjórnnum þeirra fyrirtækja og félaga er um ræðir.

Eitt af markmiðum KRFÍ er að berjast fyrir því að konur fái aukin áhrif í samfélaginu. Ójöfn staða kynjanna hefur m.a. endurspeglast í mjög ójöfnum hlut kynjanna í atvinnu- og viðskiptalífi, sérstaklega í stjórnnum fyrirtækja, þrátt fyrir óvenju mikla atvinnuþátttöku kvenna hér á landi. Kvenréttindafélag Íslands (KRFÍ) lýsir því yfir stuðningi sínum við þær lagabreytingar sem lúta að jöfnum hlut kynjanna sem koma fram í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Kvenréttindafélags Íslands

Halldóra Traustadóttir
framkvæmdastjóri